



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 6. júní 2016
1605045 SH/ahj

Efni: Grundaskóli - heimild til ráðningu fagaðila 2016-2017

Á fundi skóla- og frístundaráðs Akraneskaupstaðar, sem haldinn var þann, 6. júní 2016, var fjallað um erindi þjónusturáðs skóla- og frístundasviðs þar sem farið var yfir metna þjónustupörft nemenda með sérþarfir í grunnskólum Akraneskaupstaðar fyrir skólaárið 2016-2017.

Málið var einnig á dagskrá fundar ráðsins 30. maí sl. og ákvað ráðið að fela Gunnari Gíslasyni ráðgjafa að kanna hvaða leiðir eru færar til að mæta þörf fyrir þjónustu við nemendur með sérþarfir.

Gunnar Gíslason ráðgjafi fór yfir leiðir til að mæta aukinni þörf á ráðningu fagfólks vegna fjölgunar barna í Grundaskóla með miklar sérþarfir.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að til þess að mæta aukinni þörf í Grundaskóla á næsta skólaári verði bætt við 1,5 stöðugildum fagaðila tímabundið frá 1.08 2016.

Lagt er til að 0,5 stöðugildi verði fært frá sérdeild Brekkubæjarskóla í Grundaskóla og hefur verið leitað eftir því hjá stjórnanda Þorpsins hvort þau geti komið að málinu.

Kostnaður við að bæta við 1,5 stöðugildum fagaðila er áætlað að verði ekki hærri en kr. 4.100.000,- á þessu ári, en á ársgrundvelli verði hann ekki hærri en kr. 9.750.000,-.

Hér er lagt til að um tímabundna lausn verði að ræða. Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að fundnar verði leiðir sem jafna mun á þjónustu skólanna til framtíðar sem taki mið af því að ígildi 0,68 sérkennslustunda á nemanda séu til ráðstöfunar í grunnskólum á Akranesi. Þeirri vinnu verði lokið fyrir lok september 2016 og verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2017.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Svala Hreinsdóttir

Svala Hreinsdóttir,
deildarstjóri skólapróunar og sérfræðiþjónustu

Samrit. Grundaskóli, Brekkubæjarskóli

